

við yfirdóminn, 12 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafé.

Við meðferð málsins fyrir lögregluréttinum athugast það, að vottorð vantar í dóminn samkvæmt tilskipun 3. júní 1796, 35. gr., um lögmæti málsmeðferðarinnar fyrir undirdóminum, en að öðru leyti hefir rekstur málsins verið vítalaus. Málfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Þ v i d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærði Eggert Bjarnason á að vera sykn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli. Sakarkostnaður allur, þar með talin málflytningu- og verkjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens., 12 krónur til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Mánudaginn 30. júnímán.

Nr. 41/1911

Bátaabyrgðarfélag Vestmanneyja  
gegn

Einari Jónssyni, Sigmundi Finnsyni, Árna Filippussyni, Tómasi M. Guðjónssyni, Ólafi Jónssyni og Magnúsi Þórðarsyni.

D ó m u r :

Mál þetta var í héraði höfðað fyrir aukarétti Vest-

manneyjasýslu af hinum stefndu Einari Jónssyni, Sigmundi Finnssyni, Árna Filippussyni, Tómasi M. Guðjónssyni, Ólafi Jónssyni og Magnúsi Þórðarsyni, eigendum vélarbátsins »Fálki« nr. 105 í Vestmanneyjum gegn stjórnendum Bataábyrgðarfélags Vestmanneyjasýslu, Sigurði Sigurfinnssyni, Jóni Einarssyni og Magnúsi Guðmundssyni fyrir hönd félagsins til greiðslu skaðabóta fyrir nefndan vélarbát, er rak á land af Vestmanneyjahöfn 28. febrúar 1910 og gjörbrotnaði, en stefndu töldu vátrygðan í Bataábyrgðarfélaginu. Urðu þau úrslit málsins í aukaréttinum, með dómi, uppkveðnum 8. apríl 1911, að áfrýjendur voru dæmdir fyrir hönd félagsins til að greiða stefndu kr. 3671.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakæru-  
degi 11. marz 1910 til borgunardags og 40 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir stjórn Bataábyrgðarfélagsins skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. sept. 1911, og er það aðalkrafa áfrýjanda, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá undirréttinum, en varakrafa, að Bataábyrgðarfélagið verði sýknað af öllum kröfum stefndu, og að þeir, hvernig sem málið fer, verði dæmdir til að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Af hálfu hinna stefndu er krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Fyrir ómerkingar- og frávísunarkröfunni telja áfrýjendur þá ástæðu, að sakarefnið hafi eigi verið nægilega skýrt tiltekið í sáttakærunni, til þess að lögleg sáttatilaun um það gæti farið fram, með því að upphæð skaðabótanna hafi þar eigi verið nefnd, og krafan því al-

veg óákveðin. En þessi vefenging áfryjanda á sáttatilauninni kom svo seint fram fyrir aukaréttinum, eigi fyrir en á 4. varnarskjali áfryjanda, eftir að málfærslunni þar var að mestu lokið, að hún getur eigi gegn mótmælum stefndu komið til álita, og með því að engin ástæða er að öðru leyti til að ætla, að sætt hafi eigi verið reynd um sakarefnið, verður aðalkrafa áfryjanda eigi tekin til greina.

Um aðalefni málsins halda áfryjendur því fram, að Bataábyrgðarfélagi Vestmanneyja beri eigi nein skylda til að greiða skaðabætur fyrir vélarbátinn Fálka nr. 105, af þeirri ástæðu, að báturinn hafi alls eigi verið váttrygður hjá félaginu, þegar hann fórst, með því að váttryggingargjaldið, sem eftir lögum félagsins á að greiðast fyrirfram, hafi eigi verið galdið fyrir bátinn og ekkert váttryggingarskirteini verið gefið út fyrir hann. Og þó að váttryggingin hefði að þessu leyti verið löglega stofnuð, mundi félagið þó eigi hafa orðið skaðabótaskyldt, af því að váttryggingarskilyrðum um útbúnað bátsins og frágang á honum á Vestmanneyjahöfn, þegar hann sleit þar upp og rak á land, hafi eigi verið fullnægt, svo að stefndu fyrir þær sakir hefðu fyrirgert váttryggingunni, ef hún hefði verið orðin til.

Um það er enginn ágreiningur, að váttryggingarskirteini fyrir Fálka nr. 105, er í gildi væri, þegar hann fórst, hafi eigi verið gefið út, en stefndu kenna þetta ótilhlýðilegum drætti og hirðuleysi af hálfu félagsstjórnarinnar (áfryjanda), því alt hafi verið undirbúið frá þeirra (stefndu) hendi til þess, að skirteinið yrði gefið út, báturinn verið virtur af matsmönnum ábyrgðarfélagsins og virðingargjörðin afhent gjaldkera félagsins, er gefi út skirteinin í

umboði stjórnarinnar. Að sönnu hafi iðgjaldið eigi verið greitt, en fengin hafi verið trygging fyrir greiðslu þess með loforði frá áreiðanlegu verzlunarfirma þar í kaupþúningu, og það sé orðin venja að slík loforð séu af félagsstjórninni tekin gild, sem fyrirfram borgun iðgjalda. Um útbúnað bátsins og frágang á honum á höfninni láta stefndu þess getið, að áhöld þau, sem vantað hafi á hann þegar hann var virtur, hafi að eins verið skylt að láta fylgja honum á sjóferðum, og komi þá þetta váttryggingarskilyrði eigi hér til greina, þar sem báturinn lá inni á höfn, þegar hann fórst, en bátnum hafi verið lagt þar sem hann var af hafnarverðinum við festar hafnarsjóðsins eins og fyrir er mælt í hafnarreglugjörð Vestmanneyja. Stefndu halda því þess vegna fram, að þó að váttryggingarskírteini hafi eigi verið gefið út fyrir Fálka nr. 105, og þó að iðgjaldið hafi eigi verið greitt öðruvísi en áður er frá skýrt, hafi báturinn þó veið kominn í ábyrgð félagsins, þegar hann fórst, svo að þeir eigi tilkall til skaðabóta fyrir hann hjá félaginu, og félst héraðsdómurinn á þessa skoðun þeirra.

Í lögum Bataábyrgðarfélagins, 10. gr., er ákveðið að ábyrgðargjaldið skuli greitt fyrirfram fyrir það tímabil, er ábyrgðin tekur til, og verður eftir eðli málsins og almennri venju slíkra ábyrgðarféлага að skilja þetta svo, að engin váttrygging sé stofnuð eða fengin fyr en gjaldið er greitt, og þá fyrst — ef váttryggingarskilyrðum er að öðru leyti fullnægt — sé skylt að gefa út váttryggingarskírteini. En eins og áður er sagt var iðgjaldið fyrir Fálka nr. 105 eigi greitt fyrirfram, og það sést eigi, að það til þessa hafi verið greitt eða jafnvel boðið fram af hálfu stefndu. Þeir hafa eigi heldur, gegn mótmælum áfrýjanda, fært

sönnur á, að það sé orðin venja félagsstjórnarinnar að taka gild borgunarloforð fyrir iðgjöldum, önnur en víxla, en það er ómótmælt, að enginn víxill hafi í þetta sinn verið gefinn út til greiðslu á iðgjaldi fyrir bátinn. Það er jafnvel eigi sannað, að stjórn félagsins hafi fengið neitt loforð um greiðslu þessa gjalds, en það loforð frá umgetnu verzlunarfirma, sem hinir stefndu hafa skírskotað til, var gefið eigendum bátsins mánuði áður að minsta kosti en þeir fóru fram á að fá hann vátrygðan hjá félaginu, og í því efni skiftir það ekki máli, að gjaldkeri félagsins tók á móti loforðinu, með því að hann er einn af hinum stefndu eigendum vélarbátsins, enda hefir hann til afnota í málinu látið uppi yfirlýsingu um það, að loforðið hafi verið veitt eigendum bátsins, og að báturinn hafi eigi 1910 verið tekinn í ábyrgð félagsins. Því fer þannig svo fjarri, að félagsstjórnin hafi fengið tryggingu fyrir greiðslu iðgjaldsins, að það er ekki upplýst, að hún hafi haft neina vitneskju um, að ráðstafanir væru gjörðar í þá átt af eigendanna hálfu, þegar báturinn fórst.

Samkvæmt þessu verður eigi litið svo á, að vélarbáturinn Fálki nr. 105, eign stefndu, hafi verið vátrygður fyrir sjávarháaska hjá Bataábyrgðarfélagi Vestmanneyja, þegar hann fórst 28. febr. 1910, og verður félagið þá eigi skyldað til að bæta áminstan skiptapa. Af þessari ástæðu ber því að sýkna áfrýjendurnar af kröfum stefndu, og þurfa þá eigi önnur ágreiningsatriði í málinu að koma til álita.

Málkostnaður fyrir báðum réttum þykir rétt að falli niður.

## Því dæmist rétt vera:

Afrýjendurnir, Sigurður Sigurfinnsson, Jón Einarsson og Magnús Guðmundsson fyrir hönd Bataábyrgðarfélags Vestmanneyja eiga að vera sýknir af kröfum stefndu, Einars Jónssonar, Sigmundar Finnssonar, Arna Filippussonar, Tómasar M. Guðjónssonar, Ólafs Jónssonar og Magnúsar Þórðarsonar í þessu máli. Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Nr. 26/1913.

Réttvísir

gegn

Guðmundi Bergmann Þorsteinssyni.

## D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkeðnum 26. júní f. á., var ákærði, unglingspiltur Guðmundur Bergmann Þorsteinsson á Ísafirði, dæmdur fyrir nauðgunartilraun samkvæmt 169. sbr. 47. gr. almennra hegningarlaga og með tilliti til 40. gr. þeirra til að sæta 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, en þó þannig, að hegningunni skyldi frestað og hún síðar niður falla ef fullnægt yrði skilyrðum laga nr. 39, 16. nóv. 1907. Svo var og ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnaðinn. Þessum dómi hefir af réttarins hálfu verið skotið til yfirdómsins.

Það er með játningu ákærða, sem kemur heim við aðrar skýrslur málsins, löglega sannað, að skírdagskvöld